

Tilvísun í mál: 2021100321

Sæll Heimir,

Starfsleyfi bálstofunnar var endurnýjað í júní sl. Starfsemin hefur ekki verið rekin á undanþágu né er það í dag. Orðrómur um undanþágu virðist eiga rætur sínar í röngum upplýsingum í fréttáflutningi (<https://www.dv.is/frettir/2020/08/11/thorsteinn-svarar-onnu-kolbrunu-sem-ottast-um-balfarir-ekki-verda-byggdar-margar-balstofur-islandi/>).

Um er að ræða gamla ofna. Við endurnýjun starfsleyfisins setti heilbrigðiseftirlitið m.a. sem skilyrði að rekstraraðili innleiði innan 4. ára mengunarvarnir í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BAT) fyrir starfsemina, og innan eins árs skila tímasettri áætlun um þá framkvæmd.

Í gegnum tíðina hafa borist fáar kvartanir frá íbúum eða almenningi um mengun frá starfsemi bálstofunnar, síðast frá hjólreiðamanni 2019. Bálstofan er upplýst um það og leitað skýringa, en reykmengun er meiri ef hitastig við brennsluna er ekki rétt (t.d. vegna bilunar á ofn).

Þrátt fyrir árvissa aukningu í starfsemi bálstofunnar hefur ekki fylgt því aukning í tíðni kvartana. Heilbrigðiseftirlitið leitast við að koma á vettvang og staðfesta kvartanir.

Meðfylgjandi er afrit af útgefnu starfsleyfi ásamt tilheyrandi starfsleyfisskilyrðum og greinargerð þar sem m.a. er svarað athugasemdum við auglýstri tillögu að starfsleyfi sem bárust frá tveimur aðilum, frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP), sem er umsækjanda starfsleyfisins og frá forsvarsfólki Tré lífsins – bálstofa og Minningargarðar ses.

(See attached file: balstofa_kirkjugarda_reykjavikur_starfsleyfi_starfsleyfisskilyrdi_greinargerð.pdf)

Með kveðju,

Ásgeir Björnsson, heilbrigðisfulltrúi

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit